

HEIMIR



IV. árgangur

WINNIPEG, 1907.

6. blað.

Sólhvörf.

Til bróður mins, er misti 2 dætur sínar í einu.

ER húmslæðum tjaldar in heiða nótt,
og hrímþekur skóg og eng,
og alt er í lofti og hauðri hljótt, —
þá hreyfi ég skjálfandi gígjustreng.

En kynlegar raddir úr rökkurheim
þá renna í strengjaklið —:
sem hljóðölduútfall úr huliðsgeim
af haustvinda skógþyt og fossanið.

Og skammdegisrökkur og hrímkalt haust
í huga minn gægjast inn.
Og þá er sem fatist mér rím og raust,
er róm þeirra inst mér við hjarta eg finn.

En hvað mun því valda, að hljótt er nú
og haustlegt um stefin mín?
Hvað? Svipir hins liðna, — og síðast þú
með sölnuð hin dýrustu blómin þín.